



Fundargerð menningarmálanefndar 2.júlí

Fundur menningarmálanefndar Vopnafjarðar 2. júlí í félagsheimilinu Miklagarði, settur 15:00.

Mætt: Jón Ragnar Helgason, Hreiðar Geirsson, Árný Birna Vatnsdal, Hjördís Björk Hjartardóttir og Fanney Björk Friðriksdóttir sem ritar fundargerð.

Einnig mætt Selja Janthong framkvæmdastjóri Vopnaskaks sem sat allan fundinn.

1. Staða og skipting vinnu á Vopnaskaki

Selja upplýsir nefndina um stöðu á Vopnaskaki.

1.1. Fjölmíðlar.

Selja upplýsti nefndina um að búið væri að tala við Austurgluggann og þeir hafi ætlað að setja einhverja umfjöllun um hátíðina á vefinn. Dagskráin var send á N4, Vísi, MBL, Rúv og Austurgluggann. Ýmsir auglýsingapakkar hafa borist m.a. frá N4 en samþykkt að notast ekki við þá pakka vegna mikils kostnaðar og lítils áætlaðs ávinnings.

1.2. Lög og reglur.

Sótt hefur verið um leyfi vegna bálkastar. Leyfi fyrir Hofsboll þarf að hengja upp í staðarholti. Talað hefur verið við lögregluna vegna furðufatahlaups og lokunar á götu.

1.3. Annað.

Umræður um veðurspá og þær lausnir sem grípa skal til ef veður verður ekki gott. Einherji sér um samlokusölu á Hofsballi (koma með eigið tjald) og Fiðrildi um samlokusölu á Pallaballi. Miðasala í rútu á Hofsboll í höndum nefndarinnar og ákveðið að nefndarmanneskja verði einnig þar með posa að selja miða á ballið v. lélegs netssambands hjá Staðarholti.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 16:00.